

108. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
6. 11. 2019 kl. 8:15 – 09:45

Fundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Olga Ingólfssdóttir

Ritari: Huguún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Vilhjálmur Magnússon, Olga Ingólfssdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, og Huguún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Ragnhildur Jónsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Karl Friðriksson, Steinunn Hödd Harðardóttir og Þorvarður Árnason.

1. Skóli á grænni grein

Eyjólfur sagði frá verkefninu sem byrjaði nú í haust í FAS. Ákveðið var að þema verkefnisins yrði neysla og hafa nemendur og kennarar verið að skoða neyslu sína með markvissum hætti. Eyjólfur kom inná að æskilegt væri að Nýheimar sem heild gætu tengst inni verkefnið og verið leiðandi í samfélaginu varðandi aðgerðir í umhverfismálum.

2. KNOW HUBs

Huguún Harpa sagði frá stöðu verkefnisins og næstu skrefum. Í tengslum við verkefnið er stefnt að því að halda tvenns konar námskeið fyrir ungmenni á Hornafirði. Annars vegar námskeið með áherslu á hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á kenningu Gunnars Grepperud um þekkingarsetur sem mótor, miðlara og miðpunkt í nærsamfélagi sínu og hins vegar valdeflingarnámskeið sniðið að áhuga og þörfum ungs fólks.

Eyjólfur lýsti yfir áhuga FAS á að fá kynningu og tengsl við verkefnið og lýsti jafnframt yfir vilja skólans til að styðja við framkvæmd verkefnisins.

3. Nemendaaðstaða í Nýheimum

Huguún Harpa lagði til að Nýheimar þekkingarsetur kaupi aðra einingu fyrir nemendaaðstöðu á Austurgangi. Stjórn samþykkti kaupin og leggur áherslu á að markaðssetja aðstöðuna meðal íbúa á Hornafirði.

4. Starf stjórnar

Huguún Harpa fór yfir verkefni næstu stjórnarfunda, stjórn var sammála framlögðu skipulagi næstu funda.

5. Önnur mál

Huguún Harpa sagði frá rýnifundi sem Anna Guðrún stýrði hér á Hornafirði í tengslum við verkefnið „Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðapróun“. Vel gekk að fá íbúa á Hornafirði til þátttöku og er það þakkarvert.

Vilhjálmur sagði frá því að Hafnarhittingur verður haldinn 13. nóvember í Vöruhúsinu þar sem íbúum gefst færi á að skoða þær breytingar sem hafa verið gerðar á húsinu. Sagði hann einnig frá því að til stendur að halda hádegisfund um nýsköpun í sjávarútvegi, undirbúningur er enn í gangi.

Rætt var um föstudagshádegi og mögulegar breytingar á þeim varðandi tímasetningu og framkvæmd. Forstöðumanni falið að ræða hugmyndirnar við Eyrúnu Helgu forstöðumann Menningarmiðstöðvar.

Fundi slitið klukkan 9:45

Olga Inga Elfa
Hugrún Harpa Reynisdóttir